

---

# Vöktun eiturþörunga í tengslum við nýtingu skelfisks árið 2005

Agnes Eydal<sup>1</sup>, Hafsteinn Guðfinnsson<sup>1</sup>, Kristinn Guðmundsson<sup>1</sup>, Dóra Sigrún  
Gunnarsdóttir<sup>2</sup>, Karl Gunnarsson<sup>1</sup>, Þór Gunnarsson<sup>2</sup>, Grímur Ólafsson<sup>3</sup>,  
Björn Theódórsson<sup>4</sup>, Halldór Ó. Zoëga<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Hafrannsóknastofnunin, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík

<sup>2</sup> Fiskistofa, Dalshrauni 1, 220 Hafnafirði

<sup>3</sup> Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

<sup>4</sup> Veiðimálastofnun, Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri, 311 Borgarnes



## Ágrip

*Agnes Eydal, Hafsteinn Guðfinnsson, Kristinn Guðmundsson, Dóra Sigrún Gunnarsdóttir, Karl Gunnarsson, Þór Gunnarsson, Grímur Ólafsson, Björn Theódórsson, Halldór Ó. Zoëga 2006. Vöktun eiturþörungna í tengslum við nýtingu skelfisks árið 2005. Hafrannsóknastofnunin. Fjölrit 128.*

Reglubundin vöktun eiturþörungna í tengslum við nýtingu skelfisks hófst árið 2005. Vöktunin er samvinnuverkefni Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskistofu, Veiðimálastofnunar, Umhverfisstofnunar og kræklingræktenda. Markmið með vöktuninni er að tryggja öryggi þeirra sem neyta skelfisks.

Sýnum var safnað af 6 stöðum í nálægð við skelfiskrækt, skelfiskveiðisvæði eða svæði þar sem fólk ténir sér skelfisk. Safnað var á einni stöð í Hvalfirði, tveimur í Breiðafirði, tveimur í Eyjafirði og einni stöð í Mjóafirði eystra. Sýnum var safnað úr yfirborði á viku fresti yfir gróðurtíma svifþörunganna. Safnað var 20 til 27 sinnum á hverri stöð. Sýnin voru tegundagreind og fjöldi eiturþörungna talinn. Niðurstöður talninganna voru færðar inn á heimasíðu stofnunarinnar. Ef magn eiturþörungna fór yfir viðmiðunarmörk var varað við neyslu skelfisks af svæðinu.

Árið 2005 létu eiturþörungur almennt ekki mikið á sér kræla fyrr en komið var fram á mitt sumar. Bæði í Eyjafirði og Mjóafirði var magn eiturþörungna síðan aftur komið niður fyrir viðmiðunarmörk um hættu á eitrun í lok ágúst og byrjun september. Í Hvalfirði, hins vegar, var viðvarandi hættuástand fram á vetur (desember). Í Breiðafirði fór fjöldi eiturþörungna ekki yfir viðmiðunarmörk meðan á vöktun stóð. Vara þurfti við neyslu skelfisks vegna hættu á ASP og DSP eitrun 11 sinnum í Hvalfirði. Í Eyjafirði var varað við neyslu skelfisk 7 sinnum vegna hættu á PSP og DSP-eitrun. Í Mjóafirði var varað við hættu á skelfiskeitrun 8 sinnum, ýmist vegna ASP, PSP eða DSP-eitrunar. Niðurstöðurnar sýna svo ekki verður um villst nauðsyn þess að vakta svæði þar sem nýting skelfisks á sér stað.

## Summary

*Agnes Eydal, Hafsteinn Guðfinnsson, Kristinn Guðmundsson, Dóra Sigrún Gunnarsdóttir, Karl Gunnarsson, Þór Gunnarsson, Grímur Ólafsson, Björn Theódórsson, Halldór Ó. Zoëga 2006. Monitoring of toxic phytoplankton in areas of shellfish exploitation in 2005. Marine Research Institute. Report no. 128.*

Monitoring toxic phytoplankton is a cooperative effort of the Marine Research Institute (MRI), the Directorate of Fisheries, the Institute of Freshwater Fisheries, the Environment and Food Agency of Iceland and mussel farmers. The objective is to secure safety for shellfish consumption.

Samples were taken at six locations; in Hvalfjörður, an area popular for mussel collecting for domestic consumption, two locations in Breiðfjörður, West Iceland close to scallop and whelk fishing areas, two locations in Eyjafjörður in North Iceland, close to mussel farms, and one location at a mussel farm in Mjóifjörður, East Iceland. Water and plankton-net samples were taken every week from May until October except in Hvalfjörður where collections continued until December. Between 20 and 30 samples were taken at each station. The samples were processed at the MRI, usually within two days from sampling. The samples were scanned for toxic species and if spotted, density of toxic species was estimated after sedimentation. The results were published on the MRI's web site. If density of toxic algae exceeded given reference points, warnings were issued against consumption of shellfish from the area in question.

Toxic phytoplankton species became conspicuous in midsummer in Hvalfjörður, Eyjafjörður and Mjóifjörður. Both in Eyjafjörður and Mjóifjörður their number declined again to levels below reference points in late August and beginning of September. In Hvalfjörður, however, high concentrations were found until mid December when sampling stopped. In Breiðfjörður the concentrations never exceeded the respective reference points. Warnings against collecting and consuming shellfish were issued 11 times for Hvalfjörður because of potential ASP or DSP-toxins. In Eyjafjörður 7 warnings were given because of PSP and DSP and in Mjóifjörður 8 warnings were issued because of danger of ASP, PSP and DSP. The results demonstrate a need for continuing monitoring of areas where shellfish is taken for human consumption.



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	7
Sýnataka og úrvinnsla .....	8
Niðurstöður.....	9
Hvalfjörður .....	9
Breiðifjörður .....	9
Eyjafjörður.....	10
Mjóifjörður .....	10
Umræður.....	11
Þakkir .....	13
Heimildir .....	13

---



## INNGANGUR

Samfara vaxandi umsvifum í fisk- og skeldýraeldi eru gerðar síauknar kröfur um eftirlit með vexti og útbreiðslu eitraðra þörunga og eitrun af þeirra völdum. Á það við hér á landi sem annars staðar. Útbreiðsla eitraðra svifþörungategunda og tíðni skaðlegra blóma af þeirra völdum virðist hafa aukist í heiminum undanfarna áratugi. En jafnframt er rétt að minnst þess að stóraukið eftirlit og aukin þekking veldur því að við verðum oftast en áður vor við blóma og eitranir af völdum skaðlegra svifþörungum (Anderson 1998). Þess utan hafa umsvif manna á strandsvæðum almennt aukist. Vöxtur og viðkoma skelfisks, hvort sem er villtur eða í eldi, er að mestu leyti háð náttúrulegri fæðu og þeim umhverfisaðstæðum sem ríkja á veiði- eða ræktunarstaðnum. Svifþörungur eru uppistaðan í fæðu skelfisks. Markmið með vöktun svifþörungum á viðkomandi svæðum er að fylgjast með hvort líkur séu á að skelfiskur hafi safnað upp eitri úr þörungum og ef svo er að vara við neyslu skelfisksins og tryggja þannig öryggi þeirra sem neyta hans.

Í nýlegri reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins um veiðar og vinnslu skelfisks er kveðið á um vöktun eiturbörunga á þeim svæðum þar sem nýting skelfisks fer fram, lýst hvernig staðið skuli að vöktuninni og m.a. tekið fram að Hafrannsóknastofnunin skuli sjá um greiningu eitraðra svifþörungum. Sumarið 2005 hófst reglubundin vöktun á eitruðum svifþörungum á nokkrum svæðum við landið þar sem skelfisktekja, skelfiskræktun og skelfiskveiðar fara fram. Vöktunin er samvinnuverkefni Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskistofu, Veiðimálastofnunar, Umhverfisstofnunar og kræklingræktenda. Reglubundin vöktun svifþörungum, með sérstöku tilliti til eiturbörunga, á veiði- og ræktunarsvæðum skelfisks eða þar sem tínsla skelfisks á sér stað hefur ekki verið stunduð hér við land fyrr.

Sumar tegundir svifþörungum í sjó mynda eitrun við ákveðnar aðstæður og fari magn þessara tegunda yfir ákveðin mörk er hætta á uppsöfnun eiturs í skelfiski á svæðinu. Menn og dýr veikjast eftir neyslu á eitruðum skelfiski, en eitrið hefur ekki áhrif á skelfiskinn. Aðallega er um þrenns konar eitrun að ræða af völdum svifþörungum sem menn þurfa að vera vakandi yfir í Norður-Atlantshafi (Hallegraef 2003).

- **PSP eitrun** (paralytic shellfish poisoning). Áhrif PSP-eitrunar á spendýr eru í því fólgin að eitrið truflar natriumbúskap taugafruma, sem leiðir til truflunar á taugaboðum. Þetta veldur meðal annars doða í andliti og útlimum og getur valdið lömum, öndunarerfiðleikum og jafnvel dauða. Áhrifa eitrunarinnar gæti fljótlega eftir neyslu PSP-eitraðs skelfisks. Hér við land eru það skorubörungar af ættkvíslunum *Alexandrium*, *Pyrodinium* og *Gymnodinium* sem vitað er að geta valdið PSP eitrun og PSP eitrun hefur greinst úr skelfiski við landið nokkrum sinnum.
- **DSP eitrun** (diarrhetic shellfish poisoning). Áhrif DSP-eitrunar eru ógleði, uppköst, þrautir í kviðarholi og niðurgangur og verður þeirra vart skömmu eftir að menn hafa neytt eitraðs skelfisks. Bati næst yfirleitt innan þriggja sólarhringa. Hér við land eru það skorubörungar af ættkvíslum *Dinophysis* og *Prorocentrum* sem geta valdið DSP-eitrun. DSP eitrun hefur greinst úr skelfiski við Ísland nokkrum sinnum.
- **ASP eitrun** (amnesic shellfish poisoning). Áhrif ASP-eitrunar koma fram nokkrum dögum eftir að eitraðs skelfisks hefur verið neytt, en þau einkennast af ógleði og niðurgangi, minnisleysi og jafnvel dauða. Það eru staflaga kísilþörungur af ættkvíslinni *Pseudo-nitzschia* sem valda ASP-eitrun og stafar þessi eitrun m.a. af aminosýrunni “domoic sýru”. ASP-eitrun hefur ekki greinst hér við land svo óbyggjandi sé, en tegundir *Pseudo-nitzschia* sem geta valdið slíkri eitrun eru algengar við landið.

Skipulegar rannsóknir á tilvist og dreifingu eitraðra þörunga hafa einungis verið gerðar á fáum stöðum hér við land. Fylgst var með tegundasamsetningu svifþörungum við Hvítanes í Hvalfirði í tengslum við rannsóknir á kræklingi og eldistilraunir á árunum 1986-1987 (Guðrún G. Þórarinsdóttir 1987). Árið 1994 var tegundasamsetning svifþörungum könnuð á þremur stöðum út af Vestfjörðum: í Öndarfirði, Aðalvík og Fljótavík (Þórunn Þórðardóttir & Agnes Eydal 1996). Þær athuganir voru gerðar í tengslum við fyrirhugaðar kúfiskveiðar á þessum slóðum og var athugunin gerð með sérstöku tilliti til eitraðra þörunga. Svifþörungur sem geta valdið skelfiskeitrun voru athugaðir í Ísafjarðardjúpi árið 1987 og í Eyjafirði 1992 (Kristinn Guðmundsson & Agnes Eydal 1998). Árið 1997

voru árstíðabreytingar í fjölda svifþörunga, m.a. eitraðra þörunga, rannsaðar í Hvalfirði (Agnes Eydal 2003a,b, Agnes Eydal & Karl Gunnarsson 2004) og í Mjóafirði árið 2000 (Agnes Eydal 2001).

Vart hefur orðið eiturbörunga í hættulegu magni við ströndina allt í kringum landið. Magn þeirra breytist eftir árstíma og einnig er það breytilegt frá einu ári til annars. Viðmiðunarmörk fyrir hættu á eitrun eru mismunandi eftir tegundum. Þegar meta skal hvort hætta er á ferðum og hvort ástæða er til að vara fólk við neyslu skelfisks af tilteknum svæðum er miðað við ákveðinn fjölda eiturbörunga í hverjum lítra af sjó. Hér við land hafa ekki verið gerðar neinar athuganir á sambandi þörungabéttleika og eitrunar og því hefur verið stuðst við norskar og danskar viðmiðunarreglur (Andersen, 1996).

Tafla 1. Viðmiðunarmörk um fjölda fruma í lítra af algengustu svifþörungum við Ísland sem geta valdið skelfiskeitrun.

Table 1. Cell concentrations of some toxic phytoplankton species that result in implementation of restriction on taking shellfish for human consumption.

Tegund:	Fjöldi fruma í lítra	Tegund eiturs
Dinophysis spp.	500	DSP
Dinophysis norvegica	1000	DSP
Dinophysis acuta	500	DSP
Dinophysis acuminata	500	DSP
Alexandrium ostenfeldii	500	PSP
Alexandrium tamarense	500	PSP
Pseudo-nitzschia pseudodelicatissima	100.000	ASP
Pseudo-nitzschia seriata	200.000	ASP
Pseudo-nitzschia delicatissima	200.000	ASP

Beinar mælingar á eitri í skelfiski hafa verið gerðar nokkrum sinnum hér við land og hafa á undanförunum áratugum nokkrum sinnum mælst PSP- og DSP-eitranir yfir leyfilegum mörkum um neysluhæfan skelfisk (sjá til dæmis Guðrún G. Þórarinsdóttir & Þórunn Þórðardóttir 1997).

Á árinu 2005 voru svæði í Breiðafirði, Eyjafirði, Hvalfirði og Mjóafirði eystri vöktuð og var fylgst með fjölda eitraðra svifþörunga vikulega frá vori og þar til gróðurtímabilinu lauk um haustið (1. mynd). Í Breiðafirði eru stundaðar veiðar á skelfiski, í Eyjafirði og Mjóafirði er ræktaður kræklingur og í Hvalfirði er einkum um tínslu skelfisks í fjöru að ræða. Í þessari skýrslu er lýst niðurstöðum þeirrar vöktunar.



1. mynd. Vöktunarstöðvar við landið (rauðir deplar), þar sem sýni voru tekin vikulega til greiningar og talningar á eitruðum svifþörungum á tímabilinu apríl til desember árið 2005.

Fig. 1. Monitoring areas (red dots), where samples were taken weekly for analysis and counting of toxic algae from April till December 2005.

## SÝNATAKA OG ÚRVINNSLA

Sýnatoka á tilgreindum vöktunarsvæðunum (1. mynd) hófst og lauk á mismunandi tíma. Fyrstu sýni voru tekin í Breiðafirði í lok apríl og þau síðustu í Hvalfirði í lok desember. Sýnatokan var hafin á öllum stöðum í byrjun sumars (júní) nema í Hvalfirði þar sem hún hófst mun seinna en á hinum svæðunum, eða í seinni hluta júlí. Eingöngu voru tekin yfirborðssýni til talninga að þessu sinni. Fötu var dýft niður fyrir yfirborð sjávar, hún fyllt og síðan tekið úr henni sýni til talninga svifþörunga í 100 ml flösku og sýnið varðveitt í formalíni. Sýni til nákvæmari tegundagreininga var tekið á hverri stöð með svifþörungaháfi með 20  $\mu$ m möskva. Háfurinn var látinn síga niður á 3-5 metra dýpi og dreginn hægt upp að yfirborði og þetta endurtekið þrisvar sinnum. Háfsýnið var sömuleiðis varðveitt í formalíni. Starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar og/eða Fiskistofu sáu um að leiðbeina sýnatökufólki í upphafi um sýnatöku, meðhöndlun sýna, frágang fyrir sendingu og heppilegan sendingarmáta.

Sýnin voru send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík, svo fljótt sem auðið var, til greiningar og talningar. Talningar- og háfsýni voru skoðuð í smásjá sama dag eða daginn eftir að þau bárust til stofnunarinnar. Úr háfsýni voru greindar helstu tegundir. Ef tegund sem getur valdið skelfiskeitrun sást í háfsýninu var sett upp talningasýni í Utermöhls sívalningi og það látið setjast til í u.þ.b. sólarhring og eitraðar tegundir síðan taldar undir smásjá við hæfilega stækkun. Oftast var látið setjast til úr 50 ml sýni




og botnfallið talið, en ef mikið var af eiturbörungum var látið setjast til úr minna rúmmáli, eða 2-10 ml. Eingöngu eiturbörungar voru taldir. Í kjölfar talninganna voru niðurstöður birtar á heimasíðu Hafrannsóknastofnunarinnar. Hætta á skelfiskeitrun á viðkomandi svæði var metin út frá því hvort viðkomandi tegund fór yfir viðmiðunarmörk um fjölda (tafla 1) og fólk varað við tinslu og neyslu skelfisks á svæðinu sem tegundin fannst á, ef ástæða var til.

## NIÐURSTÖÐUR

### Hvalfjörður

Sýnataka í Hvalfirði hófst ekki fyrr en 22. júlí og henni lauk 22. desember. Starfsmenn Umhverfisstofnunar sáu um sýnatökuna og voru sýnin tekin utarlega í Hvammsvík.

Hitastig sjávar var ekki mælt í Hvalfirði í tengslum við vöktunina en hitastig við Reykjavík var mælt og var árið 2005 lægst í janúar, um 1°C, það hækkaði rólega upp í um 3°C í byrjun apríl (2. mynd). Eftir það hækkaði hitinn hraðar og náði hámarki, rúmar 13°C, um mánaðarmótin júlí-ágúst. Hitastigið lækkaði síðan smám saman niður í rétt rúmar 3°C í byrjun nóvember og hélst svipað út árið.



2. mynd. Sjávarhiti við yfirborð í höfninni í Reykjavík á árinu 2005. Myndir sýnir breytingar á dagsmeðaltölum, en mælingar eru gerðar á klukkustunda fresti ([www.hafro.is/Sjora](http://www.hafro.is/Sjora)).

Figure 2. Sea surface temperature in Reykjavik harbour in 2005. The figure shows daily means calculated from hourly measurements ([www.hafro.is/Sjora](http://www.hafro.is/Sjora)).


Í viðaukatöflu 1 eru tilgreindir sýnatökudagar og niðurstöður af greiningu eiturbörunga og mat á eitrunarhættu. Niðurstöður talninga á eiturbörungum úr Hvalfirði sýna að hætta á DSP-eitrun í skelfiski af völdum *Dinophysis*

tegunda var til staðar frá miðjum ágúst og meira eða minna fram undir áramót (6. mynd). Það vekur athygli að fjöldi fruma af ættkvísl *Dinophysis* varð hár um haustið og hélst yfir viðmiðunarmörkum fram yfir miðjan vetur. Fjöldi fruma af ættkvísl *Pseudo-nitzschia* fór einu sinni yfir viðmiðunarmörk, þann 22. júlí (7. mynd). Tegundir sem valda PSP-eitrun fundust í nokkur skipti en fóru aldrei yfir viðmiðunarmörk sumarið 2005 (8. mynd).

### Breiðfjörður

Í Breiðafirði hófst sýnataka í lok apríl og stóð fram í lok október. Kolli ehf í Stykkishólmi sá um sýnatökuna. Sýnatökustaðirnir voru tveir, einn við Þórisbólma úti fyrir Stykkishólmi og hinn við Flatey. Sýni bárust Hafrannsóknastofnuninni vikulega, með nokkrum undantekningum.

Sjávarhiti var mældur við Flatey og var nálægt einni gráðu frá ársbyrjun fram í miðjan mars (3. mynd). Hitinn hækkaði síðan smám saman upp í um 12°C um mánaðarmótin júlí-ágúst. Þá lækkaði hann smám saman og var kominn niður fyrir 2°C í lok ársins.



3. mynd. Sjávarhiti við yfirborð í Flatey á Breiðafirði á árinu 2005. Myndir sýnir breytingar á dagsmeðaltölum, en mælingar eru gerðar á klukkustunda fresti ([www.hafro.is/Sjora](http://www.hafro.is/Sjora)).

Figure 3. Sea surface temperature at Flatey in Breiðfjörður in 2005. The figure shows daily means calculated from hourly measurements ([www.hafro.is/Sjora](http://www.hafro.is/Sjora)).

Í viðaukatöflu 2 eru tilgreindir sýnatökudagar, niðurstöður greininga eiturbörunga og mat á eitrunarhættu væri hún til staðar.


Eins og sjá má af niðurstöðunum fundust eitradir svifbörungar í sýnunum af og til á tímabilinu frá byrjun ágúst fram í byrjun september, en aldrei í því magni að hætta væri talin á skelfiskeitrun á þessu svæði í Breiðafirði. Það virtist sem svifbörungagróður hafi verið mjög rýr í

Breiðafirði nánast allt gróður tímabilið og ástandið ekki í takt við það sem var að gerast á hinum vöktunarsvæðunum. Ekki er gott að segja hvort hér sé sýnatöku um að kenna eða að ástandið í Breiðafirði hafi í raun verið mjög bágborið hvað varðar vöxt þörunga árið 2005.

### Eyjafjörður

Í Eyjafirði hófst sýnataka í byrjun júní og stóð til loka október. Sýnatökustaðirnir voru tveir, annar við Hrísey og hinn við Dagverðar-eyri. Það var Norðurskel ehf. sem sá um sýnatökuna og bærust sýni almennt vikulega til Haf- rannsóknastofnunarinnar.

Árið 2005 var hitastig sjávar mælt við Hjalteyri í Eyjafirði og var á milli 1 – 3 °C frá ársbyrjun og fram í mars (4. mynd). Hitinn hækkaði upp frá því og náði hámarki um mánaðarmótin júlí – ágúst, var þá um 13°C. Eftir það lækkaði hitinn smám saman og var rétt rúmar 3°C í desember.



4. mynd. Sjávarhiti við yfirborð við Hjalteyri í Eyjafirði á árinu 2005. Myndir sýnir breytingar á dagsmeðaltölum, en mælingar eru gerðar á klukkustundar fresti ([www.hafro.is/Sjora](http://www.hafro.is/Sjora)).

Figure 4. Sea surface temperature at Hjalteyri in Eyjafjörður in 2005. The figure shows daily means calculated from hourly measurements ([www.hafro.is/Sjora](http://www.hafro.is/Sjora)).

Í viðaukatöflu 3 eru tilgreindir sýnatökudagar, niðurstöður á greiningu eiturbörunga og mat á eitrunarhættu í Eyjafirði.

Eins og sjá má af töflunni þá var hættu á skelfiskeitrun á þessu svæði í Eyjafirði frá miðjum júlí og fram undir mánaðarmótin ágúst – september. Þessi hættu stafaði bæði af svifþörungum sem valda DSP- og PSP eitrun (6. og 8. mynd). Þó svo fjöldi eiturbörunga hafi verið undir viðmiðunarmörkum af og til á þessu tímabili var hættan á skelfiskeitrun þó til staðar nær allt ofangreint tímabil, þar sem það tekur


skelfiskinn nokkrar vikur að hreinsa sig af eitrunu eftir að hann hefur safnað því í sig. Fjöldi fruma af ættkvísl *Pseudo-nitzschia* fór ekki yfir viðmiðunarmörk á mælingatímanum.

### Mjóifjörður

Sýnataka í Mjóafirði hófst 30. maí og henni lauk 31. október. Sýnatökustaðurinn var innan við miðjan fjörð, út frá bænum Brekku. Það voru heimamenn á Brekku sem sáu um sýnatökuna.

Árstíðasveiflan í yfirborðshita sjávar í Mjóafirði virðist vera tillöglulega lítil. Hitastig í yfirborði sjávar var lægst um miðjan mars um 1,5°C (5. mynd). Þá hækkaði það lítillega fram undir lok maí, þegar hitinn var kominn í um 3,5°C. Frá mánaðarmótum maí-júní hækkaði hitinn síðan nokkuð hratt þar til í byrjun ágúst en þá var hitinn í hámarki um 9°C. Eftir það lækkaði sjávarhitinn jafnt og þétt fram til áramóta, niður í rúmar 3°C.

Í viðaukatöflu 4 eru tilgreindir sýnatökudagar og niðurstöður á greiningu eiturbörunga og mat á eitrunarhættu.



5. mynd. Sjávarhiti við yfirborð framan við Brekku í Mjóafirði á árinu 2005. Myndir sýnir breytingar á dagsmeðaltölum, en mælingar eru gerðar á klukkustundar fresti ([www.hafro.is/Sjora](http://www.hafro.is/Sjora)).



Figure 5. Sea surface temperature at Brekka in Mjóifjörður in 2005. The figure shows daily means calculated from hourly measurements ([www.hafro.is/Sjora](http://www.hafro.is/Sjora)).

Niðurstöður talninga á eiturbörungum í Mjóafirði sýna að á tímabilinu frá byrjun júlí, þar til í lok september fundust eiturbörungar í sýnunum í öll skipti sem sjósýni voru skoðuð. Í 8 skipti af 20 á því tímabili var varað við neyslu skelfisks frá svæðinu. Í júlí voru *Pseudo-nitzschia* spp. einu eitruðu tegundirnar sem fundust í sýnunum en eftir það skiptust á tegundir af ættkvíslunum *Dinophysis*, *Alexandrium* og *Pseudo-nitzschia*. Þar sem fjöldi *Pseudo-nitzschia* spp. og *Alexandrium*

spp. tegunda fór yfir viðmiðunarmörk var hættu á bæði ASP- og PSP-eitrun í skelfiski (7. og 8. mynd). Hættu á DSP-eitrun varð í lok ágúst og byrjun september, eftir það var fjöldi eiturþörunga undir viðmiðunarmörkum um hættu á skelfiskeitrun út sýnatökutímabilið (6. mynd).


## UMRÆÐA

Sumarið 2005 var frumraun í vöktun svifþörunga og tókst hún að flestu leyti með ágætum. Sýnataka gekk mjög vel og skiluðu sýnin sér almennt til Hafrannsóknastofnunarinnar á tilsettum tíma. Unnið var úr sýnunum um leið og þau komu í hús. Niðurstöðurnar voru færðar inn á vefsíðu stofnunarinnar vikulega þar sem



6. mynd. Fjöldi fruma af ættkvísl *Dinophysis* í Hvalfirði, Eyjafirði (Hrisey og Dagverðareyri) og Mjóafirði árið 2005. Viðmiðunarmörk fyrir hættu á DSP eitrun eru 500 frumur af *Dinophysis* spp. í lítra.

Fig. 6. Number of *Dinophysis* species in Hvalfjörður, Eyjafjörður (Hrisey and Dagverðareyri) and Mjóafjörður in 2005. Risk limits for DSP are 500 cells of *Dinophysis* spp. in litre.



7. mynd. Fjöldi fruma af ættkvísl *Pseudo-nitzschia* í Hvalfirði og Mjóafirði árið 2005. Viðmiðunarmörk fyrir ASP eitrun eru 100-200 þúsund frumur af *Pseudo-nitzschia* spp. í lítra.

Fig. 7. Number of *Pseudo-nitzschia* species in Hvalfjörður and Mjóafjörður in 2005. Risk limits for ASP are 100-200 thousand cells of *Pseudo-nitzschia* spp. in litre.

8. mynd. Fjöldi fruma af ættkvísl *Alexandrium* í Hvalfirði, Eyjafirði (Hrisey og Dagverðareyri) og Mjóafirði. Viðmiðunarmörk um hættu á PSP eitrun eru 500 frumur af *Alexandrium* spp. í lítra.

Fig. 8 Number of *Alexandrium* species in Hvalfjörður, Eyjafjörður (Hrisey and Dagverðareyri) and Mjóafjörður. Risk limits for PSP are 500 cells of *Alexandrium* spp. in litre.

hægt var að fylgjast með ástandinu á vöktunarsvæðunum. Upplýsingum um vöktun eiturþörunga og slóð á netinu var komið á framfæri við almenning gegnum fjölmiðla, og settur var sérstakur flýtitakki á forsiðu upplýsingavefs Hafrannsóknastofnunarinnar til þess að auðvelda fólki aðgang að þessum upplýsingum. Upplýsingarnar nýtast almenningi sem hyggst tína sér krækling til matar, t.d. í Hvalfirði, og skelfiskbændum sem halda að sér höndum með uppskeru ef fjöldi eiturþörunga fer yfir viðmiðunarmörk um hættu á skelfiskeitrun. Niðurstöðurnar gefa vísbendingu um hvenær æskilegt væri að mæla eitur í skelfiskinum svo hægt sé að gera sér betur grein fyrir hver fjöldi ákveðinna tegunda má vera án þess að hættu stafi af eitrun í skelfiski hér við land. Það sama á við um eiturprófanir á skelfiski til að átta sig á því hve langan tíma það tekur skelfiskinn að hreinsa sig af eitrunu eftir að fjöldi eiturþörunga hefur farið niður fyrir viðmiðunarmörkin, en vitað er að það tekur skelfisk nokkurn tíma að losa sig við eitrið eftir að uppsöfnunin hefur átt sér stað og viðkomandi þörungar eru ekki lengur til staðar.

Eftirfarandi tegundir eittraðra svifþörunga fundust við landið við vöktunina á árinu 2005: *Phalacrocoma rotundata* (DSP), *Dinophysis acuminata* (DSP), *Dinophysis norvegica* (DSP), *Alexandrium tamarense* (PSP), *Alexandrium ostenfeldii* (PSP), *Pseudo-nitzschia seriata* (ASP), *Pseudo-nitzschia pseudodelicatissima* (ASP). Úr Hvalfirði bárust 17 sýni og af þeim var 10 sinnum varað við neyslu skelfisks vegna hættu á DSP eitrun og 1 sinni var varað við hættu á ASP eitrun. Í Breiðafirði voru farnar 27

sýnatökuferðir og bærust yfirleitt sýni frá báðum sýnatökustöðum úr hverri ferð. Aldrei var þéttleiki eitradra svifþörungna það mikill að ástæða var til að vara við neyslu skelfisks í firðinum á þessum tíma. Eiturþörungur sem geta valdið DSP- og ASP-eitrun greindust í firðinum en alltaf undir viðmiðunarmörkum um hættu á skelfiskeitrun. Úr Eyjafirði bærust 20 sýni frá hvorri sýnatökustöð og var 8 sinnum varað við neyslu skelfisks vegna hættu á DSP-eitrun og 8 sinnum vegna hættu á PSP-eitrun. Úr Mjóafirði bærust 23 sýni og var varað við neyslu skelfisks úr firðinum tvisvar sinnum vegna hættu á DSP-eitrun, fjórum sinnum vegna hættu á ASP-eitrun og tvisvar sinnum vegna hættu á PSP-eitrun.

Eins og sjá má af myndum 2 – 5 af hitaferlum við eða í nágrenni sýnatökustaðanna þá virðist fjölgun eiturþörungna ekki vera veruleg fyrr en hitastig í sjónum er farið að nálgast það sem hæst gerist á viðkomandi stað og er hætta á skelfiskeitrun af völdum eiturþörungna oftast yfir heitasta tímabilið (júli og fram í ágúst) á öllum sýnatökustöðum nema í Breiðafirði. Undantekning á þessu er viðvarandi hætta á DSP-eitrun í skelfiski í Hvalfirði vegna mikils þéttleika *Dinophysis* tegunda alveg fram í desember.

Þessar niðurstöður sýna, svo ekki verður um villst, nauðsyn þess að vakta svæði þar sem skelfiskur er nýttur á einn eða annan hátt. Aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á tegundasamsetningu og fjölda eiturþörungna í sjó við Ísland sýna einnig á óyggjandi hátt að hætta á skelfiskeitrun er til staðar hér við land (Þórunn Þórðardóttir & Agnes Eydal, 1996; Kristinn Guðmundsson & Agnes Eydal, 1998; Agnes Eydal & Karl Gunnarsson 2004). Í töflu 2 má sjá hvenær árs ákveðnar tegundir fundust samkvæmt niðurstöðum rannsókna á eiturþörungum á nokkrum stöðum við landið.

Eiturmælingar voru gerðar á skelfiski úr Hvalfirði árið 1997 og sýndu niðurstöður mælinganna að skelfiskurinn var óhæfur til neyslu vegna DSP-eitrunar frá lokum júlí og út október. Í dag er krafa markaðarins sú að allur skelfiskur sé prófaður samkvæmt stöðluðum aðferðum með tilliti til hugsanlegs þörungaeiturs, áður en hann er settur á markað og hefur Fiskistofa séð alfarið um þann verkþátt. Þessar mælingar eru dýrar og því er reynt að halda þeim í lágmarki. Einungis er mælt eitur í skelfiski ef fjöldi eiturþörungna fer umtalsvert yfir

Tafla 2. Taflan sýnir í hvaða mánuðum viðkomandi tegundir og ættkvíslir hafa fundist í sjónum í Hvalfirði, Ísafjarðardjúpi og í Eyjafirði (Kristinn Guðmundsson & Agnes Eydal, 1998; Agnes Eydal & Karl Gunnarsson 2004).

Table 2. The table shows in which month the toxic species and genera have been found in the sea in Hvalfjörður, Ísafjörður-deep and in Eyjafjörður (Kristinn Guðmundsson & Agnes Eydal, 1998; Agnes Eydal & Karl Gunnarsson 2004).

Eyjafjörður							
Tegund	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.
<i>Dinophysis</i> spp.			X	X	X	X	X
<i>Alexandrium</i> spp.		X	X	X			
<i>Pseudo-nitzschia pseudo-delicatissima</i>		X	X	X			
Ísafjarðardjúp							
Tegund	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.
<i>Dinophysis</i> spp.			X	X	X	X	X
<i>Alexandrium</i> spp.			X	X			
<i>Pseudo-nitzschia pseudo-delicatissima</i>							
Hvalfjörður							
Tegund	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.
<i>Dinophysis</i> spp.		X	X	X	X	X	X
<i>Alexandrium</i> spp.	X	X	X	X			
<i>Pseudo-nitzschia pseudo-delicatissima</i>	X	X	X	X	X	X	X

viðmiðunarmörk þegar verið er að veiða og/eða uppskera skelfisk fyrir markað.

Við sýnatökuna árið 2005 var notast við fötu sem dýft var undir yfirborð sjávar og sýnum til greininga var svo safnað úr sjónum í fötunni. Slík yfirborðssýni gefa ágæta hugmynd um þörungasamfélagið við yfirborði sjávar en mjög takmarkaða mynd af því þörungasamfélagi sem hugsanlega er til staðar neðar í vatnssúlunni, nema að sjórinn sé vel uppblandaður frá yfirborði og niður úr. Þannig eru aðstæður oft fyrst á vorin, en þegar kemur fram á sumar verður sjórinn inni á fjörðum gjarnan meira eða minna lagskiptur og þá getur verið mikill munur á tegundasamsetningu svifþörungna úr sýnum sem safnað er annars vegar við yfirborð sjávar og hins vegar dýpra á sama stað.

Stefnt er að því að bæta sýnatökuna svo hægt verði að fá sýni af meira dýpi og þar með gleggri mynd af ástandinu. Aðallega virðist vera um tvo kosti að ræða. Annars vegar er um að ræða svokallað slöngu-sýni, þ.e. slöngu með lóði sem slakað er niður á ákveðið dýpi og henni lokað í þeirri stöðu. Þannig fæst sýni t.d. frá yfirborði og niður á 10 m dýpi. Með þessari aðferð næst í flestar tegundir sem vaxa á þessu dýptarbili, en með þessari aðferð er ekki hægt að segja til um hvar í vatnssúlunni einstaka tegundir halda sig, né hver þéttni þeirra er á þrengri dýptarbilum. Hins vegar má nota sjótaka sem sökkt er niður á ákveðið dýpi og honum lokað þar. Sjótakinn er síðan dreginn upp og

sýnið sett á flöskur. Með þessari aðferð þyrfti eða mætti taka sýni á 2-3 dýpum. Sjótakasýnin segja okkur hvar einstaka tegundir svifþörungna vaxa í vatnssúlunni. Fenginn hefur verið sðvokallaður „Ruttner“ sjótaki til prófunar á þessari sýnatökuaðferð, en sjótakinn er tiltölulega einfaldur að gerð og auðveldur í notkun. Með notkun sjótaka opnast líka möguleiki á að taka sýni til frekari mælinga á umhverfinu t.d. hita, seltu og næringarefnum sem eru mikilvægir þættir er hafa áhrif á vöxt svifþörungna og þar með eitradra svifþörungna.

## ÞAKKIR

Við þökkum sýnatökufólki, Kolbeini Björnssyni og hans fólki í Breiðafirði, Víði Björnssyni og hans fólki í Eyjafirði og Sigfúsi Vilhjálmssyni og hans fólki í Mjóafirði, fyrir góða samvinnu og samviskusemi við söfnun. Kristínu Valsdóttur þökkum við fyrir margvíslega aðstoð við vinnslu sýna og Ólafi Ástþórssyni fyrir yfirllestur á skýrslunni.

## HEIMILDIR

Agnes Eydal 2003 a. Áhrif næringarefna á tegundasamsetningu og fjölda svifþörungna í Hvalfirði. Hafrann-

sóknastofnunin, Fjölrit 99: 1-44.

Agnes Eydal 2003 b. Árstíðabreytingar í fjölda og tegundasamsetningu svifþörungna í Mjóafirði. Í: Karl Gunnarsson (ritstj). Umhverfisaðstæður, svifþörungar og kræklingur í Mjóafirði. Hafrannsóknastofnunin. Fjölrit 92: 17-27.

Agnes Eydal & Karl Gunnarsson 2004. Svifþörungar í Hvalfirði og skelfiskeitrun. Náttúrufræðingurinn 73: 97-105.

Andersen P., 1996. Design and implementation of some harmful algal monitoring systems. IOC Technical Series 44, UNESCO.

Guðrún G. Þórarinsdóttir 1987. Dyrkning af blá muslinger (*Mytilus edulis*) í Hvitanes, Hvalfjörður, Island. Specialopgave i biologi ved Århus Universitet 61 s.

Guðrún G. Þórarinsdóttir & Þórunn Þórðardóttir 1997. Vágastir í plöntusvifinu. Náttúrufræðingurinn 67: 67-76.

Hallegraeff, G.M. 2003. Harmful algal blooms: a global overview. Í: Manual on Harmful Marine Microalgae (ritstj. Hallegraeff, G.M., Anderson, D.M. & Cembella, A.D.). UNESCO, Paris. s. 25-50.

Kristinn Guðmundsson & Agnes Eydal 1998. Svifþörungar sem geta valdið skelfiskeitrun, niðurstöður tegundagreininga og umhverfisathugana 1. Ísafjarðardjúp 1987, 2. Eyjafjörður 1992. Hafrannsóknastofnunin. Fjölrit 70:1-33.

Þórunn Þórðardóttir & Agnes Eydal 1996. Phytoplankton at the Ocean quahog harvesting areas off the northwest coast of Iceland 1994. Hafrannsóknastofnunin. Fjölrit 51: 1-28.

## VIÐAUKATÖFLUR

Viðaukatafla 1. Niðurstöður greininga og talninga á eitruðum svifþörungum við Hvammsvík í Hvalfirði árið 2005 eftir sýnatökudögum og mat á eitrunarhættu.

*Annex table 1. Analysis and counting results of toxic phytoplankton in Hvammsvík Hvalfjörður 2005, by sampling dates and estimated risk, of shellfish poisoning.*

Dagss	Tegund eiturbörunga	Fjöldi fr/l	Eiturgerð	Hætta á skelfisk-eitrun
22.júl	Pseudo-nitzschia pseudodelicatissima	1.000.000	ASP	Hætta á eitrun
	Dinophysis norvegica	300	DSP	Engin hætta
	Alexandrium tamarense	140	PSP	Engin hætta
9.ágú	Dinophysis spp.	340	DSP	Engin hætta
	Pseudo-nitzschia spp.	29.200	ASP	Engin hætta
12.ágú	Dinophysis spp. Sáust í sýninu en ekki talið			
15.ágú	Dinophysis spp.	1.600	DSP	Hætta á eitrun
	Alexandrium tamarense	20	PSP	Engin hætta
	Pseudo-nitzschia seriata	120	ASP	Engin hætta
23.ágú	Dinophysis spp.	860	DSP	Hætta á eitrun
	Pseudo-nitzschia seriata	3.960	ASP	Engin hætta
	Pseudo-nitzschia pseudodelicatissima	11.800	ASP	Engin hætta
29.ágú	Dinophysis spp.	6.240	DSP	Hætta á eitrun
	Pseudo-nitzschia spp	55.110	ASP	Engin hætta
13.sep	Dinophysis spp.	260	DSP	Engin hætta
	Pseudo-nitzschia pseudodelicatissima	41.820	ASP	Engin hætta
22.sep	Dinophysis spp.	740	DSP	Hætta á eitrun
	Pseudo-nitzschia spp	31.080	ASP	Engin hætta
27.sep	talningarsýni ekki nothæft, en háfsýni svipað og vikuna á undan			
7.okt	Dinophysis spp.	40	DSP	Engin hætta
21.okt	Dinophysis spp.	7.600	DSP	Hætta á eitrun
26.okt	Dinophysis spp.	2.700	DSP	Hætta á eitrun
	Pseudo-nitzschia spp	78.800	ASP	Engin hætta
2.nóv	Dinophysis spp.	2.100	DSP	Hætta á eitrun
8.nóv	Dinophysis acuminata	1.920	DSP	Hætta á eitrun
22.nóv	Dinophysis spp.	3.000	DSP	Hætta á eitrun
6.des.	Dinophysis spp.	3.040	DSP	Hætta á eitrun
22.des	Dinophysis spp.	280	DSP	Engin hætta
	Alexandrium tamarense	40	PSP	Engin hætta

Viðaukatala 2. Niðurstöður greininga og talninga á eitruðum svifþörungum við Þórisólmi og Flatey í Breiðafirði árið 2005 eftir sýnatökudögum.

*Annex table 2. Analysis and counting results of toxic phytoplankton at Thorisholmi and Flatey in Breidifjörður 2005, by sampling dates.*

Dags.	Sýnatökustöð	Tegund eiturþörungum	Fjöldi fr/l	Eitur-gerð	Hætta á skelfiskeitrun
